

Garðabæ, 19. apríl 2017

Yfirlýsing vegna nauðungarsölu.

Undirrituð lýsa því yfir að aðför Sýslumanns höfuðborgarsvæðisins og Arion banka að eign okkar að XXX í Garðabæ sé fullkomlega ólögsmætur gjörningur sem brjóti í bága við Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, neytendarétt, og lögvarinn samningarétt okkar sem íslenskra ríkisborgara.

Þar með er þessi nauðungarsala hér í dag, fullkomlega ólögsmætur gjörningu, sem þið sem hér eruð eruð orðnir þátttakendur í, og því samsek.

Arion banki getur ekki sýnt fram á að við höfum skrifað undir eða tekið lánið sem hann er að krefja okkur um greiðslur fyrir og sýslumaður hefur ekki farið fram á það.

Lánið sem við tókum hjá Frjálsa fjárfestingabankanum og skrifuðum undir var með höfuðstól upp á 30,4 milljónir samtals, gengistryggt, á Libor vöxtum, eins og framlagt frumrit Arion banka staðfestir.

Lánið sem Arion banki krefur okkur um greiðslu á er með höfuðstól upp á um 45 milljónir og á Seðlabankavöxtum. Útreikningar Arion banka eru ekki í samræmi við lög um neytendarétt og stjórnarskrá.

Höfuðstóllinn er annar, vextir eru aðrir, lánið eiga EKKERT sameiginlegt! Hvernig í ósköpunum er þetta þá okkar lán?

Lög 151/2010, sem aðförin gagnvart okkur byggja á, eru fullkomlega ólöglegur gjörningur og byggja á ólögsmætum dómi Hæstaréttar nr 471/2010, en í þeim fylgdi Hæstiréttur tilmælum Seðlabanka Íslands og FME, Más Guðmundssonar Seðlabankastjóra og Gylfa Magnússonar þv. Viðskiptaráðherra, út í ystu æsar.

Í dómi sínum 471/2010 teygir Hæstiréttur túlkanir laga til hins ýtrasta fjármálakerfinu í vil á vægast sagt vafasaman hátt, lítur framhjá ófrávíkjanlegum lögum en vísar í frávikjanleg lög máli sínu til stuðnings, en brýtur um leið einhver skýrustu lagafyrirmæli sem um getur (36. grein auk liða a-d laga 7/1936), því þau falla ekki að fyrirfram gefinni niðurstöðu hans.

Hér eru nokkrar augljósar ástæður þess að dómur Hæstaréttar er ólögsmætur og stenst enga skoðun:

1. Samkvæmt 36. grein laga 7/1936 má Hæstiréttur dæma skilmála samninga ólöglega og ógilda þá, en hann má ekki setja neitt í staðinn sem setur neytanda í verri stöðu en við undirritun.
 - Hæstiréttur ógilti samningsvexti og setti Seðlabankavexti sem fóru yfir 20% í staðinn.
2. Samkvæmt 36. grein laga 7/1936 er bannað er breyta samningum eftir á neytanda í óhag.
 - Þetta ákvæði er augljóslega brotið og við höfum aldrei og hefðum aldrei skrifað upp á lánið sem verið er að svipta okkur aleigunni fyrir.
3. Í 72. grein Stjórnarskrárinnar segir: *[Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.*
 - Lagafyrirmæli um eignarupptöku eru ekki fyrir hendi en samt er hér um stórfellda eignarupptöku að ræða. Í einfaldri mynd þá áttum við ½ hús en það á að taka það allt af okkur upp í skuld sem við höfum aldrei stofnað til.

4. Lagagreinarnar sem dómurinn byggir á, 4. og 18. greinar vaxtalaga lög 38/2001 eiga ekki við í þessu tilfalli en eru þar að auki „víkjandi lagagreinar“.
- 18. greininn fjallar um hvernig banki skuli endurgreiða viðskiptavini ofteknar greiðslur með Seðlabankavöxtum en gerir hvernig ráð fyrir að þeim skuli skellt á lán sem viðskiptavinur tók í góðri trú af „lögbrotinum“, bankanum.
 - 4. greinin fjallar um að ef það gleymist að tilgreina vexti í samningi skuli nota lægstu vexti Seðlabanka Íslands. Eins og frumritið ber með sér þá gleymdist ekki að tilgreina vexti í samningnum. Þeir eru skýrt skilgreindir; Hæstiréttur var í fullum rétti til að dæma þá ólöglega, en hann hafði engan rétt, samkvæmt fyrrnefndum neytendalögum, til að setja neitt óhagstæðara í staðinn.
 - Í 2. grein þessara sögmu laga segir: „Þó er ávallt heimilt að víkja frá ákvæðum laganna til hagsbóta fyrir skuldara.“

Það stendur því ekki steinn yfir steini í dómi Hæstaréttar númer 471/2010 sem aðförin að okkur byggir á.

Það er rétt að komi fram að í allri okkar baráttu við „kerfið“ hefur ENGINN ennþá getað mótmælt þessu eða svarað efnislega.

Mál okkar er því miður ekkert einsdæmi en í því kristallast einhver grófustu brot á lögvörðum réttindum fólks sem um getur á síðari tímum í vestrænum ríkjum.

Við höfum enga kosti átt í stöðunni aðra en þá að standa með réttlætinu með því að neita að beygja okkur undir kúgun og ofurvald bankans/rikisvaldsins. Það að fara í mál við Dróma/Arion banka, á svokölluðum jafnréttisgrundvelli, hefur aldrei komið til greina. Til þess þarf djúpa vasa, auk þess sem lítil sem engin von er um að ná fram réttlæti fyrir íslenskum dómstólum sem eru einir helstu gerendur í málinu.

Við lýsum fullri ábyrgð á hendur íslenska ríkinu, starfsmönnum Arion banka, sýslumönnum, og öðrum þeim sem að þessum málum koma og/eða hafa leyft þessu að viðgangast í 6 ár frá setningu laga 151/2010.

Við höfum engin lög brotið og ekkert gert sem réttlætir refsinguna sem við þurfum að sæta, sem er svipting ævistarfsins.

Við áskiljum okkur fullann rétt til að sækja rétt okkar og skaða gagnvart þeim sem hlut eiga að máli þegar réttlæti nær loksins fram að ganga á Íslandi.

Það þýðir að þegar réttlætið nær fram að ganga á Íslandi, hvort sem það verður eftir 4 vikur, 4 mánuði, 4 ár, eða 40 ár, munum við, eða börnin okkar, krefjast þess að fá þessa eign til baka auk fullra skaðabóta vegna hversra þeirra breytinga sem á henni kunna að hafa verið gerðar.

Okkur er alveg sama hver býr í henni þá eða hversu margir eigendur hafa verið í millitíðinni; sá sem tekur þátt í þessum lögbrotum stjórnvalda og Arion banka mun þurfa að bera skaðann gagnvart okkur, það verður svo hans mál að sækja hann til Arion banka og/eða stjórnvalda.

Á honum hvílir þannig einnig sú ábyrgð og skylda að upplýsa framtíðar kaupendur eignarinnar um að þessi staða muni mjög líklega koma upp, hugsanlega má flokka þetta sem fremur stóran „galla á eigninni“.

Fyrr eða síðar mun réttlætið ná fram að ganga á Íslandi, vonandi verður það „fyrr“ okkur öllum til heilla.

Við gerum auk þess athugasemdir við byrjun þessa uppboðsferlis þar sem ekki var leitað boða í eignina við fyrirtekt þann 27. mars síðastliðinn eins og lög gera ráð fyrir. Í gerðarbók sýslumanns hefur ýmislegt verið fært til bókar sem passar ekki við það sem þar fór fram.

Við förum fram á aukinn samþykkisfrest til að við getum borið lögmæti nauðungarsölnunnar undir Héraðsdóm.

Við förum fram á að halda heimili hér á eigninni næstu 12 mánuði eins og lög gera ráð fyrir að okkar kröfu.

Hafþór Ólafsson kt. 280164-3809

Ásthildur Lóa Þórsdóttir kt. 201166-3309